



Mannréttindi í nærsamfélaginu

Í verkefninu skoða nemendur Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og meta hversu virk réttindin eru í raun í nærsamfélagi þeirra.

Markmið fræðslunnar:

1. Að nemendur kynnist Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
2. Að nemendur geti metið hversu virk réttindi mannréttindayfirlýsingarinnar eru í nærsamfélaginu.
3. Að nemendur fái þjálfun í að draga ályktanir, beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.
4. Að nemendur fá þjálfun í að vinna í samstarfi við aðra.

1 UNDIRBÚNINGUR



Tússtafla og töflutúss eða skjávarpi sem varpar mynd af töflunni hér að neðan (Framkvæmd verkefnis, skref 3) upp á töflu. Útprentuð kort (sjá fylgiskjal 1), plaköt, pennar og litir. Eintök af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (sjá fylgiskjal 2).

2 KVEIKJA



Sem kveikju mætti kynna fyrir nemendum einhverja nýlega, innlenda eða erlenda frétt þar sem rætt er um mismunun, jafnrétti, tjáningarfrelsi eða annað þema er tengist mannréttindum. Gott væri ef fréttin tengist ungu fólki á einn eða annan hátt til að vekja áhuga hjá nemendum. Eftir umræður um fréttina og hvort/hvernig sé brotið á mannréttindum er verkefnið kynnt til leiks.

3 FRAMKVÆMD VERKEFNIS



1. Nemendum er skipt í litla hópa. Fulltrúi hvers hóps dregur kort (sjá fylgiskjal 1) með númeri greinar úr Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Allir hópar fá eintak af mannréttindayfirlýsingunni.
2. Hver hópur á að lesa þá grein mannréttindayfirlýsingarinnar sem hann dró og ræða merkingu hennar.
3. Kennari teiknar eftirfarandi töflu upp á tússtöflu eða varpar með skjávarpa:

ALLIR	FLESTIR	SUMIR	FÁIR	ENGINN

4. Næst á hópurinn að ræða og komast að niðurstöðu um hvort allir í nærsamfélagi hans njóti réttindanna (sbr. töfluna hér að ofan). Hópurinn þarf að vera tilbúinn að rökstyðja ákvörðun sína.
5. Hóparnir útbúa síðan plakat þar sem mannréttindagreinin er skilgreind og útskýrt er hverjir njóta réttindanna sem greinin fjallar um. Einnig má myndskreyta plakötin. *Þessu skrefi verkefnisins má sleppa ef vill.*
6. Þegar hóparnir hafa lokið umræðum og plakötum fer allur hópurinn í gegnum greinarnar saman. Hver hópur kynnir sína grein (les hana upp og útskýrir ef þarf), límir kortið sitt í viðeigandi dálk á töflunni og rökstyður ákvörðun sína.



4

ÍGRUNDUN

Í lokin er gagnlegt að ræða eftirfarandi punkta:

- Hvað lærðuð þið um nærsamfélagið og mannréttindi í þessu verkefni?
- Er mikið óréttlæti við lýði í þjóðfélaginu okkar? Er það meira eða minna en í öðrum löndum?
- Er Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna barn síns tíma (var samþykkt árið 1948) eða á hún enn við?
- Ef þið skoðið mannréttindayfirlýsinguna, getið þið lagt til einhverjar breytingar sem eiga betur við í dag en þegar hún var samþykkt? *T.d. mætti skoða grein 16 þar sem einungis er talað um karla og konur í stað þess að segja að allir hafi sömu réttindi. Þá er spurning hvort einhverja hópa vanti í grein 25. Hvað með réttindi tengd umhverfinu? T.d. hreint loft og hreint vatn?*


ÝMSIR PUNKTAR

Ef vill er hægt að velja fleiri greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna en þær sem hafa verið valdar hér.



Fylgiskjal 1

Mannréttindi í nærsamfélaginu



#1	#2	#6
#13	#14	#16
#18	#19	#21
#23	#25	#26
#27	#	#